

Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði

Ársskýrsla 2024



INNOVATION
AWARD 2022
EUROPEAN SPAS
ASSOCIATION



Berum ábyrgð á eigin heilsu

Hlutverk

- Endurhæfing í samræmi við lög nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu.
- Þjónustusamningur við Sjúkratryggingar Íslands. Fjárveiting á fjárlögum 2024 = 1.160 m.kr.
- Fjöldi dvalargesta árið 2024 var 1.393 (samningur kveður á um 1.350)
- Fjöldi legudaga var 38.622 (samningur kveður á um 37.800)
- 11 meðferðarlínur (þar á meðal post-covid fyrstu 8 mán. ársins).
- Miðað er við 5 tíma í einstaklingsmeðferð og 20 tíma í hópmeðferð á viku.
- Markmið endurhæfingar á Heilsustofnun er að efla líkamlega, andlega og félagslega færni einstaklinga, bæta lífsgæði og styrkja viðkomandi til athafna daglegs lífs.



Sjúkratryggingar Íslands



Berum ábyrgð á eigin heilsu ♥



Stjórn - Framkvæmdastjórn

Stjórn Heilsustofnunar

Gunnlaugur K. Jónsson - stjórnarformaður

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir

Björn Rúnar Lúðvíksson

Geir Jón Þórisson – varamaður

Lára M. Sigurðardóttir - varamaður

Anna M. Guðmundsdóttir – varamaður


Framkvæmdastjórn

Þórir Haraldsson – Forstjóri

G. Birna Guðmundsdóttir – Framkvæmdastjóri lækninga

Margrét Grímsdóttir – Framkvæmdastjóri hjúkrunar

Brynjar Þórsson - Framkvæmdastjóri rekstrar



Endurhæfing – 11 meðferðarlínur

- Bæklun
- Geðsjúkdómar
- Gigtsjúkdómar
- Hjarta- og lungnasjúkdómar
- Krabbamein
- Offitu- og efnaskiptasjúkdómar
- Post-covid
- Streita
- Taugasjúkdómar
- Verkir
- Öldrun



Sjúkratryggingar Íslands

34 einstaklingar fengu meðferð á Post-covid línu fram til ágúst 2024.

Post-covid lína var þá sameinuð verkjalínu.



Helstu verkefni

Undanfarin ár hafa stjórnendur Heilsustofnunar sett fram framtíðarsýn og yfirlit yfir þau verkefni sem áhersla er lögð á. Áhersla er ætíð lögð á forgangsröðun mikilvægustu þátta til að efla gæði þjónustunnar og mælanleika.

Eftirsóknarverður vinnustaður

- Efla og viðhalda faglegri þekkingu
 - Skipulögð fræðsla og þjálfun fyrir starfsfólk á vinnutíma
 - Miðlun þekkingu innanhúss milli starfsfólks
- Álag og mönnun fari saman
- Niðurstaða starfsmannasamtala nýtt til endurbóta

Gæðastarf/rannsóknir

- Gæðavísar áfram í forgangi
 - Innleiðing nýrra gæðavísa til að stuðla að stöðugum umbótum
- Árangursmælingar auknar
 - Endurskoðun og innleiðing nýrra árangursmælinga til að tryggja gæði þjónustunnar
- Samstarf við háskólasamfélagið aukið
 - Komið á starfsnámi heilbrigðisstétta og kynning á starfsemi Heilsustofnunar aukin
 - Samstarf við háskóla um rannsóknir

Þjónusta

- Vinnuafköst deilda í heild skoðuð og viðmið sett um álag
- Þjónustukönnunum dvalargesta verði komið í mælanlegt ferli
- Innlagnarferli og biðlistar rýndir reglulega

Sjálfbærni og nýsköpun

- Sjálfbærnistefnan innleidd
- Áhersla á lífræna framleiðslu og kaupa lífrænar afurðir þegar kostur er
- Viðhalda gæða- og kostnaðarvitund í innkaupum
- Mikilvægi endurvinnslu gerð sýnilegri
 - Endurvinnslutunnum fjölgað í sameiginlegum rýmum

Eftirsóknarverður vinnustaður

- Á árinu 2021 kom til styttingu vinnuvikunnar skv. kjarasamningum í samráði við starfsfólk.
- Jafnlaunavottun var lokið á árinu 2023 og hefur verið endurnýjuð árlega. Samhliða því hafa verið settar jafnlaunastefna og jafnréttisstefna.
- Heilsustofnun var fjórða árið í röð valin stofnun ársins í sínum flokki; “Sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannabjónustu” í könnun Sameykis meðal starfsfólks. Heilsustofnun varð einnig í 1. sæti þegar bornar eru saman allar stærstu stofnanirnar með 90 starfsmenn eða fleiri. Það er afar ánægjulegt að starfsfólk gefi vinnustaðnum og vinnufélögunum góða einkunn.



Önnur verkefni

Móttaka fagfólks og hópa

Fjölmargir hópar fagfólks og áhugafólks hafa komið í heimsókn á Heilsustofnun, fengið kynningar á starfsemi og aðstöðu. Þar má nefna: hópa fagfólks af Reykjalundi, öðrum heilbrigðisstofnunum og hópa nemenda í háskólum, hópa á vegum opinberra aðila, einstaklinga og hópa úr sjúklingasamtökum, félagasamtökum ofl.

Heilsustofnun er meðlimur í **Heilsulindasamtökum Íslands** og fer þar með formennsku. Heilsulindasamtök Íslands voru stofnuð 2007 og eru óhagnaðardrifin landssamtök opinberra og einkaaðila sem reka heilsulindir á Íslandi. Eitt af meginmarkmiðum Heilsulindasambands Íslands er aðild að og þátttaka í Evrópsku heilsulindasamtökunum, European Spas Association (ESPA).

Heilsustofnun var boðið að halda erindi um árangur á sviði endurhæfingar aldraðra á þingi European Spas Association (ESPA) í Druskininkai í Litháen í lok september. Fjallað var um hvernig Heilsustofnun nýtir vatn, leir og aðrar náttúrulegar meðferðir við endurhæfingu aldraðra. Fulltrúar annarra þjóða sem hlýddu á voru áhugasamir um starfsemina og þann árangur sem er að nást við endurhæfingu aldraðra.


Opin námskeið á vegum Heilsustofnunar í samstarfi við fagaðila á viðkomandi sviði.

Heilsueflandi starfsemi, s.s. fyrirlestrar, námskeið ofl., sundleikfimi og jóga í samstarfi við Félag eldri borgara í Hveragerði




Dvalargestir 2024

Meðferðarlínur 2024




Viðmið SÍ skv samningi




Skipting eftir kynjum

Skipting milli kynja 2024




Skipting milli kynja 2012-2024




Skipting eftir búsetu

Skipting búsetu 2024




Skipting búsetu eftir mannfjölda 2023




Aldursdreifing

Aldursdreifing 2024



■ 30 ára og yngri ■ 31-40 ára ■ 41-50 ára ■ 51-60 ára
■ 61-70 ára ■ 71-80 ára ■ 81-90 ára ■ 91 ára og eldri


Aldursdreifing m.v. mannfjölda 2022



■ 30 ára og yngri ■ 31-40 ára ■ 41-50 ára ■ 51-60 ára
■ 61-70 ára ■ 71-80 ára ■ 81-90 ára ■ 91 ára og eldri


Beiðnir og innlagnir

Beiðnir - Innlagnir - Brottfall




Heilsutengd lífsgæði (HTL) – niðurstöður

Lagt fyrir alla dvalargesti yngri en 70 ára. Niðurstöður eru umreiknaðar yfir í T skor þar sem 40-60 er innan eðlilegra marka. Meðaltal í þessum lista er 50 og staðalfrávik 10. Kvarðinn lífsgæði er meðaltal annarra mælikvarða. **Meðaltals bæting er 24,5%**




Heilsutengd lífsgæði (HTL)

HTL gildi við komu, greint eftir aldri





HTL gildi við brottför





Göngupróf

Lagt fyrir 70 ára og eldri. Miðað við göngulengd aldurshóps. Meðaltals bæting er **10,11%**





30 sek. Arm Curl próf

Lagt fyrir 70 ára og eldri. Miðað er við meðaltals skipti aldurshóps. Meðaltals bæting er **18,16%**



30 sek. STS próf


Lagt fyrir 70 ára og eldri. Miðað er við meðaltals skipti aldurshóps. Meðaltals bæting er **19,08%**




VAS próf – verkjapróf

Lagt fyrir þá sem eru í verkjameðferð.
Skalinn er 0 – 10.

VAS - almennt
Fjöldi í úrtaki 142 Bæting 33,15%




VAS - fjöldi punkta
Fjöldi í úrtaki 134 Bæting 34,82%



VAS próf – verkjapróf


Lagt fyrir þá sem eru í verkjameðferð. Skalinn er 0 – 10.

VAS - meðalgildi
Fjöldi í úrtaki 112 Bæting 26,87%



CSI próf

Meðaltals breyting er 22,10% Stærð úrtaks 49




Aðrar mælingar

FIQ

Fjöldi í úrtaki 11

Vefjagigt, skali 1 - 100




■ Innskrift ■ Útskrift

NDI

Fjöldi í úrtaki 30


Neck disability index




■ Innskrift ■ Útskrift

Aðrar mælingar

ODI Fjöldi í úrtaki 50
Fyrir bakverki




SPADI Fjöldi í úrtaki 41
Axlarpóf – færnisgerðing í %



Aðrar mælingar


Líkamsþyngdarstuðull (BMI) sýnir að dvalargestir hafa hærri stuðul en æskilegt er.



Fjöldi meðferðartíma 2024

Tímar eftir meðferðarlínum. Sjúklingar í meðferð eftir Covid (til ágúst 2024) eru sýndir sem sérstakur hópur.

Fjöldi einkatíma er 5,98 að meðaltali og nokkuð lægra en undanfarin ár sem skýrist af endurmats á tímamælingum einkameðferða en hóptíma 19,35. Dvalargestir á þremur línum ná ekki umsömdum fjölda hóptíma; á öldrunar-, Covid- og taugalínu en margir á þeim línum ráða af heilsufarsástæðum ekki við fullt álag.



Tafla XIII		Álagsmæling	
Lína	Einkatími	Hóptími	Fjöldi
Bæklun	6,46	20,09	136
Geð	6,14	21,74	155
Gigt	6,37	22,10	78
Hjarta	5,55	19,39	39
Krabbi	6,16	21,71	34
Offita/efna	6,02	20,65	85
Covid	6,95	16,14	34
Streita	5,99	22,97	123
Tauga	6,74	18,85	40
Verkja	6,61	21,45	93
Öldrun	5,57	16,80	576
Heild	5,98	19,35	1.393



Endurhæfing eftir Covid-19 á Heilsustofnun

- Í heimsfaraldri Covid-19 hóf Heilsustofnun árið 2020 endurhæfingu eftir Covid-19 á sérstakri meðferðarlínu sem nú hefur verið sameinuð verkjalínu.
- Alls hafa tæplega 200 einstaklingar lokið post-covid endurhæfingu á Heilsustofnun frá upphafi, þar af nokkrir sem voru með síþreytu/ME af öðrum orsökum og fengu meðferð á post-covid línu.
- Árið 2024 luku 34 einstaklingar endurhæfingu á post-covid línu þar til hún var sameinuð verkjalínu í ágúst 2024.
- Nokkrir aðrir komu til endurhæfingar sem höfðu eftirköst eftir Covid-19 sem þó voru ekki aðalástæða dvalar.
- Sérþekking fagfólks Heilsustofnunar á meðferð við afleiðingum Covid-19 sýkinga og annarra alvarlegra sjúkdóma, s.s. ME, síþreytu ofl. hefur aukið ásókn í meðferð. Þeir sjúklingar eru margir mjög veikir og þurfa mikla þjónustu.

Fjöldi dvalargesta á hverjum tíma 2024 samanborið við áætlun

